



ERINDISBRÉF

Fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Meginhlutverk

Fræðslunefnd Grímsnes og Grafningshrepps fer, í umboði sveitastjórnar, með málefni leik og grunnskóla samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem sveitarstjórn felur henni. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes og Grafningshrepps eins og hún er hverju sinni.

Meginhlutverk fræðslunefndar er staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu og sjá um að öll börn í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu. Fræðslunefnd fylgist með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu og að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Fræðslunefnd ásamt skólastjórum lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í skólamálum,
- að fylgjast með framkvæmd laga um, leik- og grunnskóla sem og annarra laga og reglu gerða er snerta starfssvið nefndarinnar,
- að fara með málefni grunnskóla, leikskóla, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða,
- að undirbúa gerð skólamannvirkja og nýtingu þeirra í samvinnu við sveitastjórn,
- að fylgjast með og stuðla að því að skólarnir eigi aðgang að sérfræðipjónustu,
- að veita sveitastjórn umsögn um ráðningu skólastjóra og staðfesta ráðningu annarra starfsmanna skólanna,
- að gera tillögu til sveitastjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hverskyns aðra kynningu til íbúa Grímsnes og Grafningshrepps um þau mál sem falla að verksviði nefndarinnar,
- að veita umsögn um skólanámskrár ár hvert,
- veitir umsögn um gjaldskrár skólanna,
- að hafa samráð við heilbrigðisþjónustu og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu í skólum,
- að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur nefndinni.

Jafnframt skal fræðslunefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla. Fræðslunefnd getur átt frumkvæði að vinnu við mat á skólastarfi, þróunar- og nýbreytnistarfi og símenntun starfsfólks.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa. Nefndinni er ekki heimil fullnaðarafgreiðsla mála.



Fundur og starfshættir

Fræðslunefnd skal skipuð þrem fulltrúum kosnum af sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps í upphafi hvers kjörtíma bills. Varamenn í Fræðslunefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Sveitarstjórn skipar formann fræðslunefndar en ritari og varaformaður skulu kosnir af fræðslunefnd á fyrsta fundi hennar.

Kjörtímabil fræðslunefndar er hið sama og sveitarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa á sveitastjóri rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Sama rétt eiga fulltrúar eftirtalinna hópa: Leikskólastjóri Kátuborgar, fulltrúi starfsmanna leikskólans og fulltrúi foreldra barna, skólastjóri Grunnskóla Ljósborgar, einn fulltrúi kennara við Grunnskóla Ljósborgar og einn fulltrúi foreldra barna í grunnskólanum Ljósborg. Þá er heimilt að kalla til á fundi fræðslunefndar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana sveitarins er skylt að sitja fundi fræðslunefndar sé þess óskað.

Formaður fræðslunefndar eða varaformaður í forföllum hans boðar eða lætur boða fundi í fræðslunefnd með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Boða ber til fundar, ef þriðjungur eða fleiri aðalmanna í fræðslunefnd æskir þess. Formaður kveður til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en 6 sinnum á ári.

Rita skal í fundargerðarbók allar tillögur sem fram eru bornar, svo og samþykktir og ályktanir skólanefndar, og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina. Fundargerðarbók, afrit af skýrslum, sendibréfum og skjölum skólanefndar, lög, reglugerðir og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað í Grunnskólanum Ljósborg. Formaður skólanefndar skal sjá um að afrit af fundargerðum skólanefndar séu send viðkomandi sveitarstjórnnum.

Kjörnum fulltrúum í fræðslunefnd er heimilt að koma saman til svokallaðra „vinnufunda“ án þess að boða þá aðila sem lögum samkvæmt eiga rétt til setu á formlegum fræðslunefndarfundum. Hins vegar verður að líta svo á að slíkir fundir séu óformlegir og ekki teknar þar ákvarðanir né haldin opinber gjörðabók, þeir eru m.ö.o. ekki formlegir fræðslunefndarfundir.

Fræðslunefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti nefndarmanna sitji fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Fræðslunefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal fræðslunefndar við umræðu og afgreiðslu þess, sbr. 3., 4. og 5. greinar Stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til starfsmanns nefndarinnar a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og lögum í atkvæðagreiðslu um málefni á vettvangi fræðslunefndar.

Ályktun fræðslunefndar, sem hefur í för með sér útgjöld umfram samþykktir sveitastjórnar, skal ætíð send sveitarstjórn í sérstöku erindi.

Þeir sem sitja fundi fræðslunefndar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál, er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst, þó að látið sé af störfum.



Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal fræðslunefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar, sérstaklega þó *lögum um grunnskóla nr. 91/2008*, *lögum um leikskóla nr. 90/2008* og *reglugerð um leikskóla*. Þá skal nefndin fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins* eins og hún er hverju sinni.

Um þau atriði sem ekki er kveðið á um í erindisbréfi þessu skal fræðslunefnd taka mið af ákvæðum í erindisbréfi fyrir fræðslunefndir sem gefið var út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga 15. maí 1996, og hér fylgir með. Síðarnefnda erindisbréfið gengur þó aldrei framar erindisbréfi þessu eða *samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins*.